



Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafirði

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgrötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2018
Tilv.: SRN17120079/4.11.3

Efni: Ársreikningur 2017.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur mótttekið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2017. Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2017 er niðurstaða A-hluta neikvæð um 139 mkr. og fyrir A- og B-hluta neikvæð um 35 mkr. Litið til jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga er samanlögð rekstrarniðurstaða ársins 2017 og fjárhagsáætlana áráanna 2018 og 2019 jákvæð um 44 mkr. fyrir A- og B-hluta.


Samkvæmt ársreikningi 2017 er skuldaviðmið sveitarfélagsins 114% og því innan við 150% skuldaviðmið skuldareglu sveitarstjórnarlaga.

Þrátt fyrir að sveitarfélagið standist jafnvægisreglu og skuldareglu sveitarstjórnarlaga telur eftirlitsnefndin rétt að óska eftir nánari upplýsingum um fjármálin þar sem rekstrarniðurstaða A-hluta og A- og B- hluta eru neikvæð árið 2017. Óskað er eftir upplýsingum um megin ástæður fyrir neikvæðari rekstrarafkomu á árinu 2017 en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir ásamt horfum í rekstri fyrir árið 2018.

Óskað er eftir því svör berist nefndinni eigi síðar en 30 dögum eftir dagsetningu bréfs þessa.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson